

Staðfesting konungs á skipulagsskrá styrktarsjóðs Christians konungs hins níunda í minningu þúsund ára hátíðar Íslands:

Vjer Christian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg:

Gjörum heyrum kunnugt: að með því, að ráðgjafi vor fyrir Ísland allraþegn-samlegast hefur lagt fyrir oss til staðfestingar skipulagsskrá, er landshöfðinginn yfir greindu landi voru, samkvæmt allraþæstu brjefi voru frá 10. ágúst þ. á. hefur samið fyrir styrktarsjóð, er vjer höfum gefið í minningu þúsund ára hátíðar Íslands, og segir þessi skrá svo:

1.

Styrktarsjóðurinn er stofnaður til þess með árlegum heiðursgjöfum sumpart að veita verðlaun þeim af innbúum landsins, er í landbúnaði, hestarækt, iðnaði, fiskiveiðum, sjóferðum eður verzlun hafa sýnt hina mestu og merkilegustu framtakssemi til að auka og bæta atvinnuvegi þessa, sem miklu skiptir landið, sumpart að hvetja aðra til að vinna að framförum landsins og gjörast verðuga hinna sömu verðlauna.

2.

Upphæð styrktarsjóðsins er upphaflega 8000 krónur, og ávaxtast þær með því að kaupa fyrir þær skirteini um innritun í bók fjárhagsstjórnarinnar með 4% árlegum vöxtum.

Vöxtunum af innstöðu þessari skal skipt í 2 árlegar heiðursgjafir, og ákveður landshöfðinginn yfir Íslandi upphæð þeirra annaðhvort þannig, að hvor þeirra nemi 160 krónum eður svo að önnur nemi 200, hin 120 krónum.

Ef á einstöku ári enginn er álitinn hinna nefndu heiðursgjafa verðugur, leggist verðlaunaupphæð eður upphæðir þær, sem eigi hafa verið veittar, til hinnar upphaflegu upphæðar sjóðsins og ávaxtist eins og hún. Þá er upphæð sjóðsins með slíkum viðbótum, og með vöxtum þeim, sem sparast á hverju ári, er búin að ná 10000 krónum, skal hvor hinna árlegu heiðursgjafa nema 200 krónum.

Skýldi styrktarsjóðurinn aukast enn þá meira, skal í hvert sinn, er hann hefir náð 2000 krónum, ákveða, hvort verja skuli hinum auknu árlegu vöxtum til þess að hækka ársupphæðir hinna nefndu heiðursgjafa eður til þess að stofna fleiri slíkar gjafir.

3.

Í ágústmánuði árs hvers, í fyrsta sinn 1875, veitir landshöfðinginn yfir Íslandi heiðursgjafir sjóðsins tveimur af þeim íbúum landsins, sem hafa sent honum bónarbrjef um, að tillit verði haft til þeirra við veitingu heiðursgjafanna á ári því, sem spurning er um. Slíku bónarbrjefi á að fylgja vottorð 2 áreiðanlegra og heiðvirðra manna um það, sem sagt er í bónarbrjefinu, og á að senda bónarbrjefin hlutaðeigandi sýslunefnd áleiðis til landshöfðingja, en nefndin lætur álit sitt fylgja þeim.

Skýrslu um veitingu heiðursgjafanna skal birta í hinum íslenzku stjórnartíðindum og á einnig að prenta í þeim hinn árlega reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, en landshöfðinginn semur hann.

4.

Þegar veita á heiðursgjafirnar, skal einkum taka tillit til þess, hvort hlutaðeigandi

Hinn 7. apríl 1875.

1875
23
7da.
nóvbr.
1874.

með aðgjörðum þeim, sem verðlauna er beiðst fyrir, verulega hefur stuðlað til þess að auka og bæta atvinnuvegi landsins, að svo miklu leyti sem þessir snerta landbúnað, hestarækt, iðnað, fiskveiðar, sjóferðir eða verzlun, en jafnframt á að taka tillit til þess, hvort hlutaðeigandi hefur með tilraunum sínum getað bætt eigin hag sinn, samt á þetta atriði að hafa minni þýðingu en hitt.

Sem dæmi þeirra aðgjörða, er menn geta búizt við að heiðursgjafirnar verði veittar fyrir, skal nefna:

1. fyrir *landbúnað*, þegar menn með því að byggja upp jarðir, er hingað til hafa legið í eyði, með umfangsmiklum vatnsveitingum, með ágætri og hagfeldri húsaskipun og byggingu á jörðum sínum, með skynsamri hagnýtingu áburðarefna, með ágætri rækt og umönnun á kúm og sauðfje, með vandaðri meðferð á afrakstri þeirra, með því að stofna umfangsmikið mjólkurbú, með því vandlega að velja skepnur til undaneldis, með friðun á æðarvarpi og öðru þvílíku — ekki að eins hafa bætt einstakar jarðir, en einnig veitt öðrum eptirbreytnisvert dæmi.

2. fyrir *hestarækt*, þegar menn með því, að vera vandir í valinu á skepnum til undaneldis, stuðla til þess að varðveita og bæta eiginlegleika þeirra, sem einkennir hið islenska hestakyn.

Skyldi sýningar á gradhestum og merum eður öðrum húsdýrum verða stofnaðar annaðhvort fyrir allt landið eða mikla hluti þess, og verði þeim hagað svo, að ætla megi að þær geti stuðlað til að bæta hestaræktina, getur landshöfðinginn varið vöxtum sjóðsins eður parti af þeim fyrir eitt ár í senn, til verðlauna fyrir hin beztu dýr, sem verða leidd fram til slíkra sýninga.

3. fyrir *iðnað*, þegar menn, verulega bæta iðnaðar-atvinnu þá, sem þegar á sjer stað, eður stofna nýja iðnaðarvegi, sem stuðla að hinum verklegu framförum landsins, þegar menn innleiða betri verkun á einni eður fleiri af aðalvörum landsins.

4. fyrir *fiskiveiðar*, þegar menn verulega bæta skip og veiðarfæri, eður meðferðina á sjálfum fiskinum og auka-vörum þeim, sem vinnast af honum o. s. frv.

5. fyrir *sjóferðir og verzlun*, þegar menn verulega stuðla til þess, að atvinnuvegir þessir bætist á Íslandi.

Það sem hjer segir að framan er einungis til greint sem dæmi, en það er skilmáli fyrir að verða aðnjótandi hinna nefndu heiðursgjafa, að hlutaðeigandi hafi fast heimili í landinu sjálfu. Heiðursgjafirnar má veita ekki að eins einstökum mönnum, heldur einnig fjelögum, sem stuðla til þess, að hinir nefndu atvinnuvegir aukist. Fyrir tilraunir einar til þess, sem um er getið, má ekki búast við, að heiðursgjafirnar verði veittar, fyrr en tilraunin hefur náð svo langt, að enginn efi er um þýðingu hennar fyrir framför landsins.

— Þá viljum vjer allramildilegast hafa samþykkt skipulagsskrá þá, sem að framan er rituð, í öllum orðum hennar og greinum, eins og hún hjer stendur, og staðfestum vjer hana með þessu brjefi.

Vjer fyrirbjóðum öllum og sjerhverjum að tálma nokkru því, sem að framan er ritað.

Ritað á Bernstorff hinn 7. dag nóvembermán. 1874.

Undir, vor konungleg hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

C. S. Klein.